

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar
Vigfús Björnsson
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi
601 Akureyri

Reykjavík 19. mars 2020
UST202003-183/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012 - 2024 og nýtt deiliskipulag fyrir Glæsibæ í Hörgársveit.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hörgársveitar er barst 9. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012 - 2024 og nýtt deiliskipulag fyrir Glæsibæ í Hörgársveit.

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina íbúðarbyggð fyrir 18 lóðir þar sem nú er skógræktar- og landgræðsluslusvæði og landbúnaðarsvæði. Auk þess að skilgreina nýtt efnistökusvæði í landi Glæsibæjar og þá verður reitur fyrir Glæsibæjkirkju S-2 stækkaður vegna mögulegrar stækkunar kirkjugarðs, bílastæða og tengdrar starfsemi.

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir 18 íbúðarhúsalóðir fyrir íbúðarhús gestahús og bílskúr og/ eða vinnustofa þar sem heildar byggingarmagn má vera allt að 500 m².

Íbúðarbyggð í dreifbýli

Varðandi aðalskipulagsbreytinguna bendir Umhverfisstofnun á að þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*“


Fráveita

Varðandi deiliskipulagstillöguna bendir Umhverfisstofnun á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur